



Fréttabréf Árskógarsskóla

5. tölublað, 2. árgangur, janúar 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

Leikur-Nám-Lífsgleði-Þrautseigja-Umhyggja-Virðing-Útiskóli-Hreyfing-Hollusta-Samvinna

Vinsamlegast dreptu á bílnum við skólann!



Öryggi



Við höfum öll þörf fyrir öryggi m.a. skjól, fæði, klæði og góða heilsu.

Heimasíða skólans



<http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Gleðilegt ár 2013!

Við í Árskógarsskóla ætlum okkur að gera enn betur á þessu ári. Hafa gaman, leggja okkur fram í leik og námi og nýta hvert tækifæri til að njóta þess að vera til, hver á sinn hátt því öll erum við einstök!



Kæra skólasamfélag

Nýtt ár er gengið í garð og Árskógarsskóli með allt sitt lið er tilbúinn í alla þá skemmtilegu atburði sem það mun eflaust brydda uppá. Þegar horft er um öxl á fyrstu skref nýs leik- og grunnskóla eru margir afar jákvæðir punktar, nokkrir neikvæðir en enginn sem ekki er hægt að vinna með og laga. Við erum að móta nýjan skóla tveggja skólastiga og eðlilegt að það taki tíma að hrista þau saman. Það er bjart framundan, við höfum frábært fólk allt í kringum okkur og alla burði til að gera enn betur á þessu ári. Vinnum saman, gagnrýnum á jákvæðan hátt til að byggja upp, leikum okkur og lærum og leggjum okkur fram í öllum verkefnum, gerum okkar besta. Gleðilegt nýtt ár!

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Árskógarsskóli er Grænánaskóli. Hér er **umhverfissáttmálinn** okkar: Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og verndum náttúruna og allt líf sem í henni býr. Við lærum á náttúruna í okkar nánasta umhverfi og njótum þess að vera hluti af um, verndum og gera slíkt hið sama. hófsemi og gætum okkur fellur sem og kostur er en hafi minnst skaðleg áhrif. við að skilja vel við kynslóðir geti notið henni. Við göngum vel hvetjum aðra til þess að Við temjum okkur þess að allt sem frá sorp sé endurnýtt eins að öðru leyti sem Við leggjum okkur fram náttúruna svo næstu þess að umgangast hana.



[Smelltu hér til að kynna betur umhverfisstefnu skólans](#)

Kennarar skólans eru byrjaðir að skilgreina birtingu grunnþátta menntunar í starfinu, sú vinna heldur áfram á meðan skólinn vex og dafnar og verður birt í skólanámskrá á vormánuðum á heimasíðunni.

Grunnþættir menntunar:
LÆSI — SKÖPUN — JAFNRÉTTI — SJÁLFBÆRNI
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI




Grunnþættir... hvað er það?

Uppbyggingarstefnan

Samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingar, sem Árskógar skóli er að innleiða og tileinka sér, þurfum við reglulega að uppfylla meðfæddar grunnþarfir okkar til að tilheyra, hafa áhrif, njóta frelsis og gleði til að við getum verið lífsglöð, hamingjusöm og örugg. Orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar er gjarnan sú að einstaklingurinn nær ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt.

Hugmyndin með flokkun grunnþarfanna er sú að kennarar og nemendur eigi auðveldara með að greina og skilja ólíkar þarfir. Nemendur læra að þekkja tilfinningar sínar, ná meiri sjálfstjórn og kennarinn getur betur komið til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.



Markmiðið með þarfahringnum er að nemendur þjálfist í að skoða hvernig þeir geta uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru. Þeir þjálfast líka í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreining á jákvæðan hátt (Efni frá Giljaskóla).

Hinn gullni meðalvegur, hvorki of né van, er það lykillinn af hamingjunni?